

Samskipti við innanríkisráðuneytið og Samband íslenskra samvinnufélaga 7/9 til 12/9 2015.

Í framhaldi af fundi forsetanefndar óskaði sviðsstjóri stjórnsýslusviðs eftir umsögn frá innanríkisráðuneytinu sbr. eftirfarandi tölvupóst (áður hafði verið sendur tölvupóstur til skrifstofustjóra í innanríkisráðuneytinu með beiðni um að hann hefði samband):

Kristján Sturluson

From: Kristján Sturluson
Sent: 7. september 2015 13:00
To: 'hermann.saemundsson@irr.is'
Subject: Breytingar á samþykktum og hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjörð.
Attachments: Tillaga að breytttri reglugerð - breytingar með greinargerð.docx; Tillaga að breytttri hafnarreglugerð - reglugerðin í heild.pdf; Tillaga að breyttum samþykktum - breytingar með greinargerð.docx; Tillaga að breyttum samþykktum - samþykktirnar í heild.docx

Sæll Hermann,

Meðfylgjandi eru drög að breytingum á samþykktum Hafnarfjarðarbæjar og hafnarreglugerð. Þetta tengist erindi mínu til þín áðan. Óskað er eftir svari innanríkisráðuneytisins um hvort þessar breytingar séu í samræmi við viðkomandi lög. Ef nokkur möguleiki væri þá vildum við geta haft svar til að leggja fyrir forsetanefnd sem mun funda kl. 8 næstkomandi mánudag.

B.kv.

Kristján

KRISTJÁN STURLUSON
SVIÐSSTJÓRI STJÓRNSÝSLU

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | www.hafnarfjordur.is



Skjölín sem voru viðhengi í tölvupóstinum voru skjöl sem lögð höfðu verið fram á fundi forsetanefndar.

Eftirfarandi svar kom síðan frá skrifstofustjóranum (svar við fyrsta tölvupósti sem einnig er hér með):

Kristján Sturluson

From: Hermann Sæmundsson <hermann.saemundsson@irr.is>
Sent: 8. september 2015 23:21
To: Kristján Sturluson
Cc: Stefanía Traustadóttir
Subject: RE: Ertu til í að hafa samband?

Sæll Kristján og afsakaðu að hef ekki haft samband. Eru annasamir dagar við upphaf þingstarfa. Stefanía Trausta er komin með málið og hún heyrir í þér á morgun eða við fyrsta tækifæri.
Bestu kv. Hermann

----- Message from "Kristján Sturluson" <kristjan@hafnarfjordur.is> on Mon, 07 Sep 2015 10:56:26 GMT -----

From: "Kristján Sturluson" <kristjan@hafnarfjordur.is>
To: hermann.saemundsson@irr.is
Subject: Ertu til í að hafa samband?

Sæll Hermann.

Værir þú til í að hafa samband við mig, sími 6645526? Málið varðar breytingar á hafnarreglugerð Hafnarfjarðarhafnar og á samþykktum bæjarins. Ég þarf að fá frá ráðuneytinu hvort breytingarnar séu þannig að þær fái staðfestingu. Stefnt er að því að taka þetta til afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar 17. september.

B.kv.
Kristján

KRISTJÁN STURLUSON
SVIÐSSTJÓRI STJÓRNSÝSLU

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | www.hafnarfjordur.is



[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

Starfsmaður ráðuneytisins (Stefanía) hafði síðan samband við mig, sjá tölvupóst:

Kristján Sturluson

From: Stefanía Traustadóttir <stefania.traustadottir@irr.is>
Sent: 9. september 2015 15:16
To: Kristján Sturluson
Cc: Rúnar Guðjónsson
Subject: Br. á hafnarreglugerð og samþykktum

Sæll Kristján - var að fá erindi þitt um br. á hafnarreglugerð og samþykktum frá Hermanni og beiðni um að hafa samband við þig

Það er þetta með verkaskiptinguna - en hafnarmálin heyra undir innviðaskrifstofu ráðuneytisins og þar er maður sem heitir Rúnar Guðjónsson sem hefur með þær að gera og er ég búin að senda honum erindi þitt hvað þær varðar. Hvort hann getur skoðað þetta fyrir mánudagsmorgun veit ég ekki.

Bæjarmálsamþykktin er á mínu borði og ég geri það sem ég get á morgun - verð á ísafirði á föstudag .

Stefanía



Stefanía Traustadóttir, félagsfræðingur / Social Scientist
Sveitarstjórnarmál / Local Government
Skrifstofa mannréttinda og sveitarfélaga / Department of Human Rights and Local Government
Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 9000
innanrikisraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Í kjölfarið fóru svo milli sviðsstjóra og ráðuneytisins nokkrir póstar þar sem verið var að leggja áherslu á að svör kæmu sem fyrst þannig að hægt væri að kynna þau á fundi forsetanefndar 14. september.

Svör frá starfsmönnum innanríkisráðuneytisins (Stefaníu og Rúnari) bárust síðan í lok dags 10. september. Fyrst er hér svar Stefaníu og síðan Rúnars:

Kristján Sturluson

From: Stefanía Traustadóttir <stefania.traustadottir@irr.is>
Sent: 10. september 2015 15:54
To: Kristján Sturluson
Cc: Hermann Sæmundsson
Subject: varðar breytingu á samþykkt

Sæll Kristján

Ég sé ekkert athugavert við þær breytingar á samþykktinni sem þið leggið til nema ég verða að setja fyrirvara á breytingar sem verða vegna breyttrar skipunar á málefnum hafnarinnar. Kannski er óhætt að vísa í samþykkt í nýja reglugerð sem ekki er búð að staðfesta - en ég held ekki.

Sérfræðingur ráðuneytisins (Rúnar) í hafnarreglugerðum hefur gert ykkur grein fyrri sínum athugasemdum - með þeim fyrirvörum sem hann setti sem m.a. lúta að því að tíminn til að skoða málið í þaula var lítill og viðbrögð hans (sem og mín) frekar leiðbeining og ábendingar en alls ekki formleg afgreiðsla

Þetta þarf allt að skoða betur og eins og ég sagði þér þá verð ég ekki hér á morgun og þyrfti helst að ráðfæra mig við fleiri - ef þið haldið til streitu óbreyttri reglugerð.

Með þessu er ég ekki að segja að við munum hafna staðfestingu - þetta mál þarf að skoða betur og þið að bregðast við fyrstu viðbrögðum héðan

Sefanía



Stefanía Traustadóttir, félagsfræðingur / Social Scientist
Sveitarstjórnarmál / Local Government
Skrifstofa mannréttinda og sveitarfélaga / Department of Human Rights and Local Government
Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior
Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 9000
innanrikisraduneyti.is / [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Kristján Sturluson

From: Rúnar Guðjónsson <runar.gudjonsson@irr.is>
Sent: 10. september 2015 15:04
To: Kristján Sturluson
Subject: Re: RE: Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Tilvísun í mál: IRR15090098

Sæll vertu Kristján.

Hér kemur sú leiðbeining sem ég vil gefa að lauslega athuguðu máli. Mér finnst líka ástæða til að hnykkja á því þó við höfum komið inn á það í fyrri póstsamskiptum að áður en af útgáfu ráðuneytisins á hafnarreglugerð verður þarf skv. hafnalögum að leita umsagnar Vegagerðarinnar og Samgöngustofu. Vegna eðlis flestra breytinganna, þ.e. um stjórn hafnarinnar og umræðu um samkeppni hafna þegar fjallað var um lög in á Alþingi, þykir mér skynsamlegt að leita umsagnar Samkeppniseftirlitsins.

Þá að málinu sjálfu:

2. gr.

Fyrsta breytingin:

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnarmála en framkvæmdastjórn skal falin hafnarráði sem sinnir verkefnum hafnarstjórnar. Sviðsstjóri hafnarþjónustu sinnir verkefnum hafnarstjóra samkvæmt reglugerð þessari.

Í núgildandi hafnarreglugerð er ekkert ákvæði sambærilegt við þetta. Sú reglugerð enda byggð á fyrirmynd sem ráðuneytið vann á sínum tíma eftir að núgildandi hafnalög, nr. 61/2003, voru samþykkt. Þar var hafnarstjórn í samræmi við nafngift stjórnandi hafnarinnar. Mér sýnist að verið sé að færa vald til þess að stjórna höfninni frá hafnastjórn og til bæjarstjórnar. Ég held því að best fari á því að fella þetta ákvæði út í heild sinni.

Önnur breyting:

Hafnarráð.

Breyting á nafninu úr hafnarstjórn í hafnarráð vekur upp spurningu; af hverju nafnbreytingin. Nafnið hafnarráð er ekki í núgildandi hafnalögum en var áður notað fyrir ráðgefandi ráð í hafnamálum.

Ég held að best fari á því að þið notið nafnið hafnarstjórn áfram.

Þriðja breyting:

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann úr hópi kjörinna **hafnarráðsmanna**. **Hafnarráð** skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Engin athugasemd að undanskilinni þeirri sem lýtur að nafngiftinni.

Fjórdá breyting:

Auk hinna kjörnu fulltrúa situr **sviðsstjóri hafnarþjónustu** fundi **hafnarráðs** með málfrelsi og tillögurétt.

Eftir fyrstu breytingunni þar sem ekki um sérstakan hafnarstjóra að ræða en sviðsstjóri, væntanlega með sambærilega stöðu og aðrir sviðsstjórar bæjarins, situr fundi hafnarráðs. Ég sé þetta sem auðveldari aðgang embættissviðs bæjarins að daglegri stjórn hafnarinnar. Í 3. gr. hafnalaganna kemur fram að hafnarstjórn sé sérstök stjórn um rekstur hafnar sem hafi stjórnunarlega ábyrgð. Hún á síðan að bera hag hafnarinnar fyrir brjósti skv. sömu grein. Þá, og enn skv. sömu grein, ber hafnastjórn ábyrgð á rekstri og viðhaldi hafnarinnar gagnvart bæjarstjórn. Ég held að þetta sé ekki heppileg breyting.

3. gr.

Fimmta breyting.

Ýmsar nafngiftir.

Engar athugasemdir að undanskyldum þeim sem lúta að nafngift hafnarráðs. Í greinargerð kemur fram að hafnarstjórn verði hafnarráð. Þar eru þó ýmsar breytingar á sem gera það að verkum að hafnarráð er ekki það sama og hafnarstjórn.

Tel rétt að miðað verði við hafnarstjórn.

4. gr.

Sjötta breyting.

Grein um fundi hafnarstjórnar fellur út. Velti fyrir mér hverju það sætir. Í greinni er m.a. fjallað um að stjórnarmenn geti fengið boðað til fundar sérstaklega. Með hliðsjón af því að hafnarstjórn á að gæta hagsmuna hafnarinnar skv. hafnalögunum væri missir af því ákvæði einu og sér.

Tel að rétt sé að hafa grein um fundina inni.

4/5 gr.

Sjöunda breyting:

Sviðsstjóri hafnarþjónustu er hafnarstjóri. Hann er ráðinn af bæjarstjórn að fenginni tillögu bæjarstjóra sem unnin er í samráði við hafnarráð. Sviðsstjóri hafnarþjónustu heyrir undir bæjarstjóra og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarráðs. Sviðsstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarráð, veitir viðtöku erindum til þess og sér um framkvæmd samþykktar hafnarráðs. Hann veitir bæjarstjórn, hafnarráði og bæjarstjóra upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Sviðsstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerða, auk reglugerðar þessarar, ákvæði laga um siglingavernd og reglugerð þar um og að öðru leyti eftir samþykktum hafnarráðs og bæjarstjórnar.

Sviðsstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

Samkvæmt 5. gr. núgildandi reglugerðar Hafnarfjarðarhafnar er hafnarstjóri ráðinn af hafnarstjórn. Það er líka í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga þar sem kemur fram að hafnarstjórn ráði hafnarstjóra. Með þessari breytingu er hann starfsmaður bæjarins. Þessi breyting er öll því til þess fallin að færa daglegan rekstur hafnarinnar undir stjórn bæjarins.

5/6 gr.

Áttunda breyting:

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarráðs.

Ekkert sérstakt við þetta að athuga.

Sem niðurlag:

Almennt séð eru allar þessar breytingar fallnar til þess að gefa bæjarstjórn aðgang að daglegum rekstri hafnarinnar. Með hliðsjón af þeim umræðum sem áttu sér stað um samkeppni milli hafna og aðskilnað stjórnar þeirra sem fyrirtæki á vegum sveitarfélaga og annarrar stjórnar sveitarfélaganna finnast mér þessar breytingar ekki í samræmi við það. Ég bendi á að Hafnarfjarðarhöfn er ein af þeim höfnum sem eiga í mestri samkeppni við aðrar hafnir. Þessi sjónarmið eiga því við ykkur umfram ýmsa aðra.

Í kjölfar samþykktar hafnalaganna 2003 var samin fyrirmynd að hafnarreglugerð. Hún byggði á því sem í lögunum stóð, umræðum sem fram fóru við umfjöllun þeirra á Alþingi. Auðveldast væri að miða við þá fyrirmynd.


Ég ræddi við Stefaníu um málið og hún skýrði fyrir mér að hafnarráðsnafnið hefði einfaldlega skirskotun í skipurit bæjarins. Ég bendi á að B-hluta stofnun sem um gilda sér lög og sér reglugerð þar sem í hvoru tveggja er kveðið á um aðskilnað á ekki heima með öðrum sviðum bæjarins.

Ég vil svo leyfa mér að ítreka að þetta eru eingöngu fyrstu þankar, málið þarf að vinnast formlega og m.a. að leita þeirra umsagna sem ég minnst á hér að framan.

Bestu kveðjur

Rúnar

ps. Ég verð síðan ekki við vinnu á morgun



From: Kristján Sturluson <kristjan@hafnarfjordur.is>
Date: 10.09.2015 07:57:24
To: Rúnar Guðjónsson <runar.gudjonsson@irr.is>
Subject: RE: Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Sæll Rúnar.

Það fylgir hér með. Ástæðan fyrir því að skjalið var á PDF formi var til að viðaukarnir með uppdráttunum væru með. Word skjalið er því án viðaukanna.

B.kv.

Kristján

KRISTJÁN STURLUSON

SVIÐSSTJÓRI STJÓRNSÝSLU

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | www.hafnarfjordur.is



From: Rúnar Guðjónsson [<mailto:runar.gudjonsson@irr.is>]
Sent: 10. september 2015 06:44
To: Kristján Sturluson
Subject: Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Sæll vertu Kristján.

Ég vísa til tölvupósts sem ég fékk framsendan í gær vegna breytinga á reglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn ásamt öðru. Í skjalinu eru breytingarnar útskýrðar í *word*-skjali en reglugerðin í heild eftir að þið hafið sett breytingarnar inn í pdf-formi. Mig langar til að biðja þig um að senda mér það skjal líka í word-formi.

kveðja
Rúnar Guðjónsson

	Rúnar Guðjónsson, viðskiptafræðingur / cand.oecon Skrifstofa innviða / Department of Infrastructure Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland Sími/Tel: +(354) 545 9000 innanrikisraduneyti.is / Fyrirvari/Disclaimer
---	--

Þar sem þessar breytingar voru verulega á skjön við hina lögfræðilegu ráðgjöf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sendi bæjarstjóri síðari tölvupóst ráðuneytisins þangað, sjá eftirfarandi (ath. að upphafleg skilaboð frá innanríkisráðuneytinu/Rúnari eru ekki límd hér inn aftur heldur vísast til þeirra hér að ofan):

Kristján Sturluson

From: Haraldur Lindal Haraldsson
Sent: 10. september 2015 17:56
To: Guðjón Bragason; Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir
Cc: Kristján Sturluson
Subject: RE: Re: RE: Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Sæll Guðjón og þakka þér fyrir.

Við heyrum frekar frá ykkur á morgun og ég heyri í ráðuneytinu með að hitta þau. Gott væri ef þú eða þið gætuð verið með okkur þar. Hef Kristján hér cc.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 | www.hafnarfjordur.is

-----Original Message-----

From: Guðjón Bragason [mailto:gudjon.bragason@samband.is]
Sent: 10. september 2015 17:40
To: Haraldur Lindal Haraldsson; Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir
Subject: SV: Re: RE: Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Sæll Haraldur,

Ég leit snögg á reglugerðir fyrir sambærilegar hafnir, á Akureyri, Fjarðabyggð og Vestmannaeyjum. Vigdís fer nánar yfir málið en þið hljótið að gera þá kröfu að ráðuneytið sé samkvæmt sjálfu sér í sinni stjórnslu. Ábending IRR við 1. gr. verður að teljast ansi stór þegar horft er til þeirra reglugerða sem gilda fyrir framangreindar hafnir.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/3650>
<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/innanrikisraduneyti/nr/18557>

Í hinum reglugerðunum er reyndar alltaf talað um hafnarstjórn. Spurning er hvort heitið hafnarráð muni standa mikið í IRR þegar á reynir.

Varðandi hafnarstjórnann er ákvæði í reglugerð um Fjarðabyggðarhafnir ákveðið fordæmi:
http://www.fjardabyggd.is/Media/Reglugerd_Hafnarreglugerd_2009.pdf

Starfs- og valdsvið framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri hafnarinnar er ráðinn af bæjarráði að fenginni tillögu bæjarstjóra sem unnin er í samráði við hafnarstjórn. Fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar.

Með öðrum orðum tel ég fljótt á litið að þessi fyrstu viðbrögð IRR séu í umtalsverðu ósamræmi við þá stjórnslu og túlkun hafnalaga sem ráðuneytið hefur viðhaft til þessa. Líklega hafa lögfræðingar ráðuneytisins ekki enn átt aðkomu að málinu og gæti verið tilefni til þess að óska eftir fundi með ráðuneytinu sem fyrst til þess að skýra línur í málinu.

F.h. sambandsins,
Guðjón Bragason

Frá: Haraldur Lindal Haraldsson [hlh@hafnarfjordur.is]

Sent: 10. september 2015 16:40
Til: Guðjón Bragason
Efni: FW: Re: RE: Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Sæll Guðjón,
Getur þú skoðað þetta fyrir okkur.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 |
www.hafnarfjordur.is<<http://www.hafnarfjordur.is>>

[viti_med_hafnarfjordur_vid_hlid]

From: Kristján Sturluson
Sent: 10. september 2015 16:32
To: Haraldur Lindal Haraldsson
Subject: FRS: Re: RE: Hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Sent úr Samsung-farsíma

Í kjölfarið var óskað eftir fundi með fulltrúum innanríkisráðuneytisins. Hann fór fram kl. 13 þann 11. september. Á þeim fundi kom fram að fyrri tölvupóstur hefði ekki verið formlegt svar ráðuneytisins heldur punktar og hugleiðingar til umhugsunar. Ráðuneytið sagðist myndi setja fram formlegt svar varðandi málið og barst það svar kl. 17:21 sama dag (sjá tölvupóst og bréf):

Kristján Sturluson

From: Gunnar Örn Indriðason <gunnar.orn.indridason@irr.is>
Sent: 11. september 2015 17:21
To: Haraldur Líndal Haraldsson
Cc: Kristján Sturluson; Rúnar Guðjónsson; Sigurbergur Björnsson; Björn Freyr Björnsson
Subject: Athugasemdir innanríkisráðuneytisins við fyrirliggjandi drög að hafnarreglugerð fyrir Hafnafjarðarhöfn skv. beiðni Hafnafjarðarkaupstaðar
Attachments: r06goi_11.9.2015_17-01-26.pdf

Tilvísun í mál: IRR15090098

Sæll Haraldur,

Með vísan til fundar sem haldinn var í ráðuneytinu í dag og þeirra draga sem að hafnarreglugerð fyrir Hafnafjarðarhöfn eru meðfylgjandi athugasemdir ráðuneytisins við drögin, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga.

Ráðuneytið er tilbúið til að veita frekari ráðgjöf varðandi endurskoðun hafnarreglugerðarinnar ef Hafnafjarðarkaupstaður óskar svo.

Frumrit bréfsins verður póstlagt eftir helgi.

Bestu kveðjur,





Hafnarfjarðarkaupstaður
b.t., Haraldur Líndal Haraldsson
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 11. september 2015
Tilv.: IRR15090098/17.2

Efni: Athugasemdir við fyrirleggjandi drög að hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn

Þann 9. september síðastliðinn óskaði Hafnarfjarðarkaupstaður eftir leiðbeiningu ráðuneytisins varðandi fyrirleggjandi drög að hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn.

Í dag var jafnframt haldinn kynningarfundur með fulltrúum sveitarfélagsins og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar var greint frá sjónarmiðum varðandi fyrirleggjandi drög. Jafnframt var óskað þess að ráðuneytið myndi svara erindinu sem fyrst. Með vísan til 7. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 eru meðfylgjandi athugasemdir ráðuneytisins varðandi drögin en með vísan til þess að Hafnarfjarðarkaupstaður óskaði eftir skjótum svörum er áréttað að athugasemdirnar beri að skoða í ljósi þess.

Ráðuneytið vill koma því á framfæri að í fyrirleggjandi drögum er tilvísunum til hafnarstjórnar breytt í tilvísun til svokallaðs hafnarráðs, þó kemur fram í 2. gr. að hafnarráð sinni verkefnum hafnarstjórnar.

Skv. 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003 skal höfn með hafnarstjórn rekin sem opinbert fyrirtæki með sérstaka hafnarstjórn. Í athugasemdum við 13. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 61/2013 kemur fram að gert sé ráð fyrir því að kosnar séu sérstakar hafnarstjórnir sem hafi þá svipaða stöðu og stjórnir fyrirtækja. Jafnframt er tekið fram að hafnarstjórn skuli fyrst og fremst gæta hagsmuna hafnarinnar. Innanríkisráðuneytið áréttar því að mikilvægt sé að tryggt sé að sjálfstæði þeirrar stjórnar sem fari með málefni hafnarinnar.

Einnig er ljóst að hafnalög vísa til hafnarstjórnar og því æskilegt að vísa til þess heitis í hafnarreglugerð til að ljóst sé hvert verkefni þessarar stjórnar sé. Þannig sé vísað til þess í fyrirleggjandi drögum að hafnarráð fari með framkvæmdastjórn hafnarmála. Skv. 13. gr. hafnalaga hefur hafnarstjórn á hendi stjórn hafna og hafnarsjóða í samræmi við reglugerð skv. 4. gr. Ekki er fyllilega ljóst hvort verkefni hafnarráðs endurspegli þetta í fyrirleggjandi drögum.

Jafnframt þarf að lagfæra tilvísanir til ráðuneytis, ráðherra og stofnana. Innanríkisráðherra fer með málefni hafna og Samgöngustofa og Vegagerðin fara með þau verkefni er áður voru á ábyrgð Siglingastofnunar Íslands.

Varðandi brottfallingu núgildandi 4. gr. hafnarreglugerðar, um fundi hafnarstjórnar, er rétt að áréttað skv. 5. tl. 4. gr. hafnalaga skal í hafnarreglugerð vera ákvæði um starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Varðandi nýja 4. gr. reglugerðardraganna þá kemur þar fram að sviðsstjóri hafnarþjónustu sé hafnarstjóri, hann sé ráðinn af bæjarstjórn að fenginni tillögu bæjarstjóra sem unnin sé í samráði við hafnarráð. Skv. 13. gr. hafnalaga skal hafnarstjóri hafnar sem rekin er sem opinbert fyrirtæki vera ráðinn af hafnarstjórn. Með vísan til 2. gr. fyrirbyggjandi reglugerðardraga, um að Hafnarfjarðarhöfn sé rekin sem höfn með hafnarstjórn er ljóst að sú skipan sem fram kemur í 4. gr. reglugerðardraganna samræmist ekki 13. gr. hafnalaga þar sem gert er ráð fyrir því í fyrirbyggjandi drögum að bæjarstjórn ráði sviðsstjóra hafnarsviðs, sem fari með verkefni hafnarstjóra.

Ráðuneytið er tilbúið að veita frekari leiðbeiningu og aðstoð ef þörf er á vegna endurskoðunar á hafnarreglugerð Hafnarfjarðarhafnar.

Fyrir hönd ráðherra



Pétur U. Fengur



Gunnar Örn Indriðason

Í framhaldi af þessu formlega svari ráðuneytisins óskaði bæjarstjóri eftir því við lögfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga að þeir færu yfir drögin að breytingum á hafnarreglugerðinni og gerðu breytingartillögur í samræmi við umsögn innanríkisráðuneytisins. Þær breytingar fylgja með í tveimur Word skjölum með Track Changes.